

104
5. júní

AUGLÝSING

um viðauka við gjaldskrá landssímans.

1. gr.

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B-stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði notendur eða hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannaþóknunar fram til kl. 22 og $\frac{3}{4}$ kostnaðar eftir þann tíma.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Samgöngumálaráðherrann, 5. júní 1945.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.

105
6. júní

PRÓFREGLUGERÐ

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 69 12. apríl 1945, og reglugerð 27. apríl s. á., um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um tilhögun á prófunum og hvað til þeirra útheimtis.

I. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

1. gr.

Burfararpróf skulu haldin í apríl—maímánuði ár hvert.

2. gr.

Vilji maður ganga undir burfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda ráðuneytinu beiðni um það minnst 2 mánuðum áður, og skulu beiðinni fylgja vottorð um, að umsækjandi fullnægi þessum kröfum:

1. Að hann fullnægi kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hann hafi þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
3. Að hann kunni sund.
4. Að hann sé eigi haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum skaðvænn.
5. Að hann hafi óflekkað mannorð.
6. Skírnarvottorð.

Svo skal hann og senda vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

3. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í stýrimannaskólanum og hafa með sér sjókort, pappír og öll þau hjálpartæki, sem þarf til úrlausnar skriflegra verkefna. Orðabækur mega prófsveinar ekki hafa við úrlausnir stíla, og einungis töflubækur við úrlausnir í skriflegri stærðfræði.